



Hafnarfirði 14. febrúar 2013.

Berist til fræðsluráðs og fræðslustjóra **HLÍÐARENDI**
Erindi: Útikennsla í Skátalundi

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla er sjálfbærni einn af grunnþáttum menntunar.
“Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.”

Okkar framlag til samfélagsins er að leggja áherslu á félagsþroska barna og umhverfisvitund, það er að segja að þau verði sjálfstæðir einstaklingar sem beri virðingu fyrir sjálfum sér, umhverfi sínu og þeim einstaklingum sem þar eru.

Það hefur verið draumur okkar í leikskólanum Hlíðarenda lengi að fá aðstöðu til að vera með útikennslu því umhverfið í kringum okkur gefur tilefni til þess.

Vorið 2011 fór starfsmannahópur leikskólans til Stokkhólms og heimsótti leikskóla “Friluftis Förskolur” sem er með aðaláherslu á útikennslu.

Út frá þeirri heimsókn urðu til það sem við köllum útivistarferðir, þar sem farið var í ferðir snemma að morgni og komið aftur í leikskólann eftir hádegi. Í þær ferðir var farið með verkefni til að vinna úti í náttúrunni og að sjálfsögðu með nesti.

Þegar okkur bauðst síðastliðið haust að fá aðgang að Skátalundi fannst okkur það kjörið tækifæri til að þróa þessa vinnu áfram.

Þar sem við leggjum áherslu á umhverfismennt, hreyfingu og lífsleikni gefst börnunum kjörið tækifæri í Skátalundi að upplifa og skynja náttúruna á eigin forsendum, ásamt því að efla hreyfifærni sína og félagsþroska í rólegu, þægilegu andrúmslofti og náttúrulegu umhverfi.

Börn 3ja til 6 ára taka þátt, það er að segja börn fædd 2007, 2008 og 2009 og eru 15 börn eru í hverjum hóp.

Fjóla Kristjánsdóttir aðstoðarleikskólustjóri er verkefnistjóri tilraunaverkefnisins.

Verkefnið hefur gengið vel að öllu leiti. Starfsmenn eru áhugasamir, foreldrar eru almenn ánægðir og er okkar upplifun sú að við höfum náð þeim markmiðum sem stefnt var að. Það er að börnin fái tækifæri til að upplifa og skynja náttúruna á eigin forsendum, ásamt því að efla hreyfifærni sína og félagsþroska í rólegu, þægilegu andrúmslofti og náttúrulegu umhverfi. Samstarf við leigusala, St. Georgsgildið Hafnarfirði og Hópbíla hefur verið gott.

Óskum við því hér með eftir að fá að halda áfram þessu verkefni og hafa aðgang að Skátalundi næsta skólaár í það minnsta. Mikil vinna hefur verið lögð í skipulag og undirbúningsvinnu sem æskilegt er að halda áfram með. Við öll sem að leikskólanum komum höfum öðlast reynslu sem við viljum getað nýtt til áframhaldandi þróunar á menntun til sjálfbærni.

Eins og við segjum: Starfið bæði í Hlíðarenda og Skátalundi á að vera:

ÖRUGGT, LÆRDÓMSRÍKT OG SKEMMTILEGT !

Virðingarfyllt


Oddfríður Steindórsdóttir
leikskólustjóri


Fjóla Kristjánsdóttir

aðstoðarleikskólustjóri/verkefnastjóri